

---

**FUNDARGERÐ**

<b>Fundur:</b>	<b>Raforkuhópur 2002-07</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Þriðjudagur 5. nóvember 2002 kl. 13:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Verkfræðistofan AFL, Bíldshöfða 14</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins. 2) Endurreikningur raforkuspár. 3) Verkefni ársins 2002 og fyrirkomulag vinnu næsta árs. 4) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Guðmundur Guðmundsson Agnar Árnason Jakob Ólafsson Ólafur Pálsson Sigurður Ágústsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Orkuveita Reykjavíkur:	Jón G. Óskarsson

- 1) JV fór yfir töflur á heimasíðu nefndarinnar um raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 5,8% frá fyrra ári. Flutningstöp hafa aukist um 9,5% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur minnkað um 3,1%. Stórnotkun vex um 6,6% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar vex um 4,1%. Forgangsortka vex um 2,7% og sala á ótryggðri orku jókst um 13,9%. Þriðji ársfjórðungur var heldur kaldari en á síðasta ári eða 10,1°C í stað 10,5°C. Aukning notkunar er minni eftir hitastigsleiðréttingu. Leiðrétt notkun almennrar forgangsortku eykst um 2,6% á fyrstu níu mánuðum ársins. JV sagði að aukningin á þriðja ársfjórðungi væri minni en á fyrri helmingi ársins en mikil aukning var á 3ja ársfjórðungi í fyrra. Hann fjallaði um þróunina hjá einstökum veitum á fyrstu níu mánuðunum og er aukningin í forgangsortku eftirfarandi: Suðurnes (2,3%), Hafnarfjörður (7,5%), Orkuveita Reykjavíkur (2,7%), Rafmagnsveitur ríkisins (1,7%), Norðurorka

(0,4%) og Orkubú Vestfjarða (1,0%). GG benti á að það vantaði vinnslu Rafmagnsveitna ríkisins á varastöðvum á þessu ári.

- 2) JV sagði að endurreiknuð raforkuspá væri komin á heimasíðu nefndarinnar og veitur hafa fengið senda spá um sín svæði. JV benti á að huga þyrfti að því hvort ekki væri rétt að breyta spá um ótryggða orku þar sem samningar eru að jafnaði nokkuð hærri en raunnotkun og byggja þá á rauntölum sem hafa verið að safnast saman undanfarin ár. Ákveðið var að stefna að því við endurskoðun spárinnar.
- 3) JV dreifði áættun um vinni næsta árs. Þar er gert ráð fyrir endurskoðun á spánni á næsta ári. Engin athugasemd kom við áætlunina. Fundarmenn töldu að endurskoða ætti raforkuspána á næsta ári enda þá komin 6 ár frá síðustu spá. Ekki komu fram frekari hugmyndir að nýjum verkefnum á næsta ári.
- 4) AÁ sagði að þeim á Akureyri þætti fólksfjöldaspá fyrir svæðið lág og ekki í samræmi við það að svæðið ætti að mynda mótvægi við höfuðborgarsvæðið. JV sagði að þetta væri að mest í samræmi við þróun síðustu ára og spurning hvað það væri sem ætti að standa undir auknum fólksfjölda á svæðinu. Nokkur umræða var um þetta.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur ákveðinn 3. desember 2002.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Vinna Verkfræðistofunnar AFLs fyrir Raforkuhóp Orkuspárnefndar á árinu 2003. (JV)